

# Reglugjörð

72  
3 júní

## fyrir forðagæslu í Norður-Ísafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Allir forðagæslumenn í hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu skulu fara fyrstu skoðunarferð sína ár hvert á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember.

### 2. gr.

Í fyrstu skoðunarferð sinni skulu þeir:

- a. Mæla öll hey, töðu og úthey í teningsmetrum, spyrjast fyrir um annan fódur- auka og tilgreina hver hann sje, mæla hann eða meta til fódurs til jafngildis við óhrakta töðu og geta þess í skoðunarskýrslu sinni.
- b. Ákveða, hvort fódurbirgðir hvers einstaks búpeningseiganda sjeu nægilegar í hörðum vetri handa ákveðinni tölu hvernar tegundar skepna.
- c. Spyrjast fyrir um og telja rækilega hvað marga nautgripí, sauðfje og hross fódurbirgðaeigandi ætli sjer að setja á vetur.
- d. Ákveða, hvort umfram fódur sje eða fódur vanti og þá hve mikið og fyrir hverjar skepnur helst. Vanti fódur að álitu forðagæslumanna, þá skulu þeir ráðleggja hverjum skepnum helst skuli farga af fódurum, eiganda að sem skaðminstu — sje eigi kostur að fá fódur til viðbótar — og ákveða fyrir hvaða tíma farga skuli eða fódurbóta afað.
- e. Skoða húsakynni búpenings. Vanti húsakynni, sje ákveðið, fyrir hverja tegund vanti og fyrir hve margt.

### 3. gr.

Nú eru heygæði misjöfn, heyin misjafnlega föst eða laus, að því er kunnugt er og hægt verður að grenslast eftir. Skulu því forðagæslumenn meta heyin til máls og fódurs miðað við meðalhey vel verkað, sinulaust og í meðallagi sigið.

### 4. gr.

Önnur skoðunarferð skal farin á tímabilinu frá 15. mars til 15 apríl ár hvert.

### 5. gr.

Í annari skoðunarferð skulu forðagæslumenn í öllu gæta sömu reglna, sem fyrir er mælt í 2. gr. a, d og e ásamt ákvæðum 3. gr. Skulu þeir rækilega telja allan fjenað sem á fódurum er, og ákveða, hvort alt það fódur sem til er muni nægja handa öllum skepnum framúr þótt vorhart verði. Þá skulu þeir og gefa hverjum þeim, er skepnur hirðir og fódur hefir með höndum, einkunnir fyrir holdafar skepnanna með tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1, sem þýðir: ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa og afarilla.

## 6. gr.

Þriðja skoðun skal fara fram að vorinu. Skulu þá forðagæslumenn:

- a. Telja allar skepnur er framfleytt hefir verið á hverju heimili.
- b. Skoða allar skepnur og gefa einkunnir fyrir meðferð og holdafar þeirra.
- c. Mæla allar fódurleyfar, töðu og úthey í ten.metr. og annað fódur.
- d. Grenslast eftir hjá fódurbirgða- og skepnueiganda, hvað gjafatíminn muni hafa samsvarað margra vikna innistöðutíma fyrir hverja skepnutegund út af fyrir sig.
- e. Spyrjast rækilega fyrir um öll vanhöld á öllum tegundum fjenaðarins, af þeirri tölu er sett var á vetur — og unglambadauða.

## 7. gr.

Forðagæslumenn skrá allar skoðunargerðir í forðagæslubókina jafnskjótt og þeim er lokið.

## 8. gr.

Forðagæslumenn geta heimtað, að allir þeir er búpening hafa undir hendi til fódurs, hafi hann viðlátinn til skoðunar á þeim tíma, er forðagæslumenn tiltaka.

## 9. gr.

Þar sem forðabúr eru, skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn þeirra, svo skulu þeir og hafa umsjón kornvörubirgða í verslunum í samráði við hreppsnefnd, ef hún hefir trygt sjer þær.

## 10. gr.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt sje í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

## 11. gr.

Nú er búpeningur í slæmu standi og líkur til að hann kveljist eða falli af fódurskortu og skulu forðagæslumenn þá hvetja peningshafa til að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum til að farga svo af peningnum, að borgið sje því sem eftir er.

## 12. gr.

Nú verður búpeningur horaður eða fellur úr hor og er að álitu forðagæslumanna um að kenna harðýðgi, fódurskortu eða hirðuleysi, þess er peninginn hefir undir höndum, og skulu þeir þá tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, en hann aftur sýslumanni.

## 13. gr.

72

3. júní

Óhlýðni við fyrirmæli forðagæslumanna um heyásetning, fóðuröflun eða förgun búpenings og aðrar fyrirskipanir þeirra varðar sektum frá 5—100 kr.

Ef forðagæslumaður brýtur gegn reglugjörð þessari varðar það sektum frá 5—100 krónum.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2 nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*

## Reglugjörð

73

3. júní

**fyrir forðagæslumenn í Strandasýslu.**

## 1. gr.

Forðagæslumenn skulu í hreppi hverjum ekki vera fleiri, en hjer segir:

- Í Bæjarhreppi 2
- Í Óspakseyrarhreppi 1
- Í Fellshreppi 1
- Í Kirkjubólshreppi 2
- Í Hrófbergshreppi 2
- Í Kaldrananeshreppi 2
- Í Árneshreppi 3.